AGUSTSONREITUR, STYKKISHÓLMUR - BREYTING Á AÐALSKIPULAGI STYKKISHÓLMS 2002-2022



Úr samþykktu aðalskipulagi Stykkishólms, staðfest 09.07.2002. Mkv 1:5.000 m.v. blaðastærð A1

Aðalskipulagi Stykkishólms, eftir breytingu. Mkv 1:5.000 m.v. blaðastærð A1

SKIPULAGSSKÝRINGAR

- ÍBÚÐARSVÆÐI
- VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
- MIÐSVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
- HAFNARSVÆÐI
- ATHAFNASVÆÐI
- OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- SVÆÐI F. FRÍSTUNDABYGGÐ
- ÓBYGGÐ SVÆÐI
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI
- VERNDARSVÆÐI V. STRANDMENGUNAR
- BLÖNDUÐ LANDNOTKUN Opin svæði til sérstakra nota / svæði f. frístundabyggð.
- AFMÖRKUN SKIPULAGSBREYTINGAR

SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til um 0,56 ha svæðis við höfnina í Stykkishólmi. Svæðið afmarkast af Súgandiseyjargötu til norðurs, Smiðjustígs til austurs, Hafnargötu og Aðalgötu til vesturs (gamla kirkjan og Narfeyri) og lóðinni Aðagötu 5 til suðurs. Austurgata skiptir skipulagssvæðinu í tvo hluta þ.e. annars vegar reit við Aðalgötu 1 og Austurgötu 1 og hinsvegar Austurgötu 2. Reiturinn er staðsettur á mörkum íbúðabyggðar og athafnasvæðis gömlu hafnarinnar. Afmörkun er merkt inná uppdrátt með rauðri brotalínu.

Yfirbragð gamla bæjarins hefur breyst mikið á undanförnum árum og einkennist nú af ýmisskonar ferðaþjónustu í bland við starfsemi hafnarinnar s.s. smábátahöfn, uppskipunaraðstöðu, bátsferðum fyrir ferðamenn og ferjunni Baldri, sem siglir yfir Breiðafjörð. Auk þess einkennist nærumhverfi Agustsonsreits af veitingastöðum, gististöðum, smábátahöfn og annarri þjónustu fyrir ferðamenn. Til suðurs og austurs er íbúðabyggð. Nálægð reitsins við höfnina og sjávarsíðuna gefur reitnum mikla sérstöðu. Til suðurs og austur einkennist umhverfið af smágerðri íbúðabyggð. Í gildi er Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022 sem tók gildi 9. júlí 2002.

FORSENDUR OG MARKMIÐ SKIPULAGSBREYTINGAR

Á árum áður var fjölbreytt atvinnustarfsemi tengd sjávarútvegi á reitnum þ.m.t. skrifstofur, verslun og vinnsla sjávarafurða. Í kjölfar banns við skelveiðum árið 2003, brustu rekstrarforsendur skelveiðifyrirtækja og hefur lítil starfsemi verið í húsakynnunum á reitnum eftir 2003.

Þar sem engin vinnsla er á skipulagssvæðinu hefur lóðarhafi lagt af stað í þá vinnu með sveitarfélagi Stykkishólms að sækja um breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 þ.e. að landnotkun svæðisins breytist úr „athafnasvæði“ í “íbúðabyggð” og „verslunar- og þjónustusvæði“ vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels ásamt tengdri verslun, þjónustu og íbúða sem mun gæða svæðið nýju lífi.

Gistirými fyrir ferðamenn á Vesturlandi eru umtalsvert færri en í öðrum landshlutum og hefur ferðamönnum einnig fjölgað hægar. Gert er ráð fyrir að fyrirhugað hótel ásamt tengdri verslun og þjónustu og íbúðum verði í háum gæðaflokki og muni styrkja Stykkishólm og allt Snæfellsnes sem áfangastað fyrir bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Má nefna að á undanförnum árum hefur uppbygging íbúðahúsnæðis í Stykkishólmi ekki mætt aukinni eftirspurn auk þess hefur aukinn fjöldi ferðamanna leitt til útleigu íbúðahúsnæðis. Íbúðahúsnæði af fjölbreyttri gerð staðsett í miðbænum myndi því auka fjölda og gæði búsetukosta í bænum.

SAMRÆMI VIÐ AÐRAR SKIPULAGSÁÆTLANIR

Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026

Markmið fyrirhugaðra aðalskipulagsbreytingar er í samræmi við eftirfarandi áherslur í Svæðisskipulagi Snæfellsness:

A4 Að heilsutengd þjónusta við íbúa og ferðamenn byggist upp og heilbrigðisþjónusta sé góð og aðgengileg.
A8 Að nýta sem best tækifæri til atvinnuþróunar sem felast í fjölbreyttu lífríki svæðisins þ.e. Stykkishólmur og Snæfellsnes.
A23 Að þróun í ferðaþjónustu grundvallist á að nýta og styrkja staðaranda Snæfellsness en hann einkennist af fjölbreytileika og andstæðum í landslagi og byggð og sterkum tengslum við sjóinn og söguna, allt frá landnámi.
A25 Að heilsárssstörfum í ferðaþjónustu fjölgi.
A26 Að góðir og fjölbreyttir gistimöguleikar séu í boði.
U1 Að byggð í þéttbýli og dreifbýli þjóni íbúum sem best og hún er áhugaverð fyrir ferðamenn.
U2 Að miðbæir þéttbýlisstaðanna styrkist sem aðalsamkomustaðir íbúa.
U13 Að mótun umhverfis og mannvirkjagerðar sé vönduð og taki mið af og styrki sérkenni og staðaranda Snæfellsness og að umgengni sé snyrtileg.
U19 Að handverk og listiðnaður tengdur svæðinu sé sýnilegur í umhverfinu.
U22 Að staðarandi Snæfellsness styrkist við umhverfismótun og mannvirkjagerð, en hann einkennist af fjölbreytileika og andstæðum í landslagi og byggð og sterkum tengslum við sjóinn og söguna, allt frá landnámi.

Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022

Í greinargerð aðalskipulags eru sett fram eftirfarandi skipulagsskilmálar sem hafðir eru að leiðarljósi í skipulagsbreytingunni:
Almenn markmið (bls. 15 í kafla 3.3.1) „Að ná fram meiri hagkvæmni í nýtingu gatnakerfis, veitukerfis og viðhaldi opinna svæða með því að taka til endurskoðunar þegar byggð svæði og nýta eyður sem eru í byggðinni.“ Jafnframt er kveðið á um að „Að skapa skilyrði fyrir meiri fjölbreytni í samsetningu íbúðamarkaðins“ og að stefnt sé að því „að bjóða upp á lóðir undir lítil raðhús eða sambýlishús, þar sem um litlar íbúðir í ódýrari kantinum yrði að ræða. Hagkvæmni þess að byggja þéttar er augljós þar sem þá sparast lengdarmetrar götu- og veitukerfa.“

Athafnasvæði/Hafnarsvæði (bls. 20 í kafla 3.3.8) „Markmiðið er að hafa tiltæk svæði fyrir sem fjölbreyttasta atvinnustarfsemi. Stefnt er að enn betri nýtingu núverandi hafnar- og athafnasvæða og er deiliskipulagning þeirra verkfæri til þess. Í deiliskipulagi verður tekið á nýtingu svæðanna með tilliti til hagkvæmni og landslags og aðlögunar að bæjarmyndinni.“
Stykkishólmur - Gamli bærinn (bls. 23 í kafla 3.4) „Í skipulaginu er lögð áhersla á verndun og varðveislu gamla bæjarins í Stykkishólmi. Jafnframt er hvatt til frekari nýtingar og uppbyggingar í gamla bænum. Þar eru áhugaverðir möguleikar á þjónustu við ferðamenn í sambýli við söguminja og nútíma atvinnuhátta.“

Húsagerð (bls. 24 í kafla 3.4) „Mikilvægt er að hönnuðir nýrra húsa í gamla bænum leitist við að hanna hús sem hafa vísun í íslenska byggingararfleið bæði hvað varðar efnisval og lausnir. Nýbyggingar í gamla bæjarkjarnanum verða að taka fullt tillit til gömlu húsanna er hafa menningarsögulegt mikilvægi. Þá er ekki átt við að nýggingarnar eigi að líta út fyrir að vera gamlar heldur að form, hlutföll, efnisval, frágangur og hrynjandi taki mið af gamla bæjarkjarnanum.“

Rými (bls. 24 í kafla 3.4) „Stefnt verði að því að móta bæjarrými í gamla bænum er þjóni sem samkomustaður í hjarta bæjarins. Þannig má nýta það góða orðspor sem af gamla bænum fer til að renna stoðum undir viðgang og frekari uppbyggingu hverskyns þjónustu. Í gamla bænum verði stjórnsýslan, menningar- og ferðatengs þjónusta, ásamt ýmissi annari þjónustu.“
Götumyndir (bls. 24 í kafla 3.4) „Lagt er til að byggt verði í eyður í miðbænum þannig að götumyndir verði heillegar og styrki þannig bæjarmyndina. Einnig er vert að huga að þeirri ásýnd sem blasir við þegar siglt er inn í höfnina.“

Til viðbótar markmiðum aðalskipulags verður með skipulagsbreytingunni leitast við:

- Að lágmarka gatnagerð og bílastæði í götu eins og mögulegt er og staðsetja stóran hluta bílastæða í bílakjöllurum.
- Að vanda vel frágang göturýmis milli byggingareita við Austurgötu.
- Að leggja áherslu á umferðaröryggi gangandi vegfarenda.
- Að huga vel að staðsetningu fyrirhugaðra bygginga m.t.t. bæjarstæðisins og útsýnis að og frá hóteli og íbúðum.
- Að huga að hag íbúa jafnt sem ferðamanna með því að taka mið af þörfum samfélagsins, lýðheilsu, fagurfræði, aðgengi allra m.t.t. gönguleiða, garðrýma og þeim arfi sem felst í náttúru, menningu og sögu svæðisins,
- Að bæta aðgengi í gegnum og í kringum reitinn innan svæðis/lóða með góðum göngustígum og útisvæðum.

STAÐHÆTTIR

Fornminjar

Hús Tang & Riis við Aðalgötu 1 var byggt árið 1890 og er því friðað samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem og mörg hús í nágrenni Agustsonreits þ.m.t. Narfeyri, gamla kirkjan, Egilsenshús (friðlýst), Sjávarpakkhúsið, Sjávarborg og gamla apótekið, sem saman mynda einstaka heild.

Engar aðrar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins skv. fornleifaskráningu Ágústs Ólafs Georgssonar frá 1985 og Húsakönnun Harðar Ágústssonar frá 1978 en þar sem um er að ræða gamlan bæjarhluta má telja líklegt að fornminjar finnist þegar að framkvæmdum kemur og því lögð áhersla á að fara að öllu með gát. Samstarf skal haft við Minjastofnun Íslands á skipulagsstigi, við hönnun bygginga og umhverfis og þegar til framkvæmda kemur. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Tölulegar upplýsingar

Agustsonreitur, sem er samtals 5615,3 m2, tekur til eftirfarandi lóða:

Aðalgata 1 - 1.446 m^2 viðskipta- og þjónustulóð (L136992)
Austurgata 1 - 2.522,9 m^2 iðnaðar- og athafnalóð (L137058)
Austurgata 2 - 1.646,4 m^2 Iðnaðar- og athafnalóð (L137059)

Samkvæmt hugmynd um uppbyggingu á Agustsonreit, mun hús Tang & Riis við Aðalgötu 1 standa en gert er ráð fyrir að núverandi verksmiðjubyggingar við Austurgötu 1 og 2 víki og á Agustsonreit rísi nýbyggingar með allt að 6000 m2 hótel með samkomusal, allt að 1000 m2 verslunar- og þjónusturými og allt að 2000 m2 rými fyrir bílastæði í kjallara ásamt tæknirými, stoðrýmum og geymslum og allt að 2000 m2 íbúðabygging með áður nefndu verslunar- og þjónusturými á neðri hæðum.

UMHVERFISMAT

Matsskylda

Breyting á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 fyrir Agustsonreit fellur undir 1. mgr. 2. gr. og 3. kafla laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 en er þó ekki umhverfismatsskyld skv. viðauka 1 í lögunum. Tillagan er unnin í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. með vísun í 38. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í tillögunni er gerð grein fyrir umfangi áætlunarinnar og mögulegum umhverfisáhrifum. Eftirfarandi áhrifaþættir eru skoðaðir sérstaklega og er niðurstaðan hluti af greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar.

Helstu umhverfisáhrif

Í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar.
Við mat á umhverfisáhrifum eru eftirfarandi lög og reglugerðir lögð til grundvallar: skipulagslög nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013, byggingarreglugerð nr. 112/2012, lög um umhverfismat framkvæmda- og áætlana nr. 111/2021, reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr .1381/2021, lög um náttúruvernd nr. 60/2013, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, lög um menningarminjar nr. 80/2012 og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði/vísir til að meta áhrif sem fyrirhuguð uppbygging hefur í för með sér. Umhverfisáhrif hvers landnotkunarreits eru metin sérstaklega þ.e. verslun og þjónusta og íbúðarbyggð. Áhrif hvers umhverfisþáttar er metið í samræmi við viðeigandi umhverfisvísa. Matið byggir á eftirfarandi skilgreiningum á vægi á 5 pt skala:

Mjög jákvæð	Frekar jákvæð	Lítil / engin	Frekar neikvæð	Mjög neikvæð	Óljós eða á ekki við
5	4	3	2	1	0

Umhverfisþættir	Umhverfisvísar	VÞ mat/vægi 5 pt skali	ÍB mat/vægi 5 pt skali	
Landslag (sjónræn)		5	5	Breyting á aðalskipulaginu mun hafa óveruleg áhrif á náttúrulegt landslag þar sem reiturinn hefur verið fullmótað athafnasvæði um árabil með tilheyrandi atvinnu- og verksmiðjuhúsnæði.
Loftgæði		3	3	Um árabil hafa verksmiðjubyggingar verið á reitnum með tilheyrandi áhrifum á loftgæði bæði frá verksmiðju og þungaflutningum. Ekki er talið að með breyttu deiliskipulagi að loftgæði á svæðinu munu versna.
Samfélagslegir þættir	Íbúafjöldi / íbúaþróun Samsetning íbúa (kyn / aldur) Fjöldi starfa Aðgengi	3	3	Með tilkomu nýrrar uppbyggingar á svæðinu, hærra nýtingarhlutfalls og starfsemi sem hótel, verslun og þjónusta ásamt íbúðum eykst óneytanlega fólkfjöldi ásamt almennri umferð til og frá svæðinu sem mætti teljast **neikvæð** en á móti kemur að verksmiðjubyggingar og þungaflutningar til og frá reitnum hverfa. Með nýrri uppbyggingu á reitnum aukast störf og fjölbreytileiki þeirra ásamt að í boði verða minni íbúðir sem vöntun er á á svæðinu. Aðgengi á milli svæða og niður á hafnarsvæði mun aukast og verða aðgengilegra með breyttu skipulagi.
Eignir	Fjöldi íbúða sem verða fyrir beinum áhrifum Verðgildi fasteigna	4	4	Með breytingu á notkun svæðisins úr „athafnasvæði“ í “íbúðarbyggð” og „verslunar- og þjónustusvæði“ má telja að það hafi jákvæð áhrif á nærliggjandi byggingar.
Heilbrigði manna (heilsa, öryggi og velíðan)	Lýðheilsa Slysatíðni Náttúruvá	4	4	Með því að breyta svæðinu í gamla miðbænum úr Athafnasvæði með tilheyrandi verksmiðjuhúsnæði í Verslun- og þjónustu má færa rök fyrir því að dregið verði úr áhættu á heilsu, öryggi og slysahættu íbúa og ferðamanna á svæðinu með því að fjarlægja iðnaðarstarfsemi sem á betur heima í útjaðri íbúðarbyggðar en í miðju hennar og því væri um **jákvæða** þróun að ræða.
Samgöngur	Tenging við þéttbýli Tenging innan svæðis	3	3	Þó þétting byggðar og aukin verslun og þjónusta hafi óneytanlega í för með sér aukna umferð (neikvætt) laðar ún einnig að gangandi vegfarendur (jákvætt). Tillagan gerir ráð fyrir að lágmarka bílastæði í götu eins og mögulegt er og staðsetja stóran hluta bílastæða í bílakjöllurum. Einnig verður vandað til verka við frágang göturýma og lögð áhersla á umferðaröryggi gangandi vegfarenda með því að breikka bil milli bygginga við Austurgötu og auka rými fyrir gangandi vegfarendur. Einnig verður aðgengi í gegnum og í kringum svæðið bætt með góðum göngustígum og aðgengi allra. Aukin bílaumferð (gesta, starfsfólks og þjónustu) dreifist yfir daginn og er ekki talin hafa veruleg áhrif enda hluti þeirrar umferðar nú þegar til staðaðar í tengslum við ferjuna Baldur og aðra þjónustu í næsta nágrenni.
Menningarminjar		4	4	Leitast viið að fella nýbyggingar að sögulegu umhverfi. Á sama tíma samræmist fyrirhuguð skipulagsbreyting vel mörgum meginmarkmiðum aðalskipulags um áherslu á *„verndun og varðveislu gamla bæjarins í Stykkishólmi“* og hvatningu til *„frekari nýtingar og uppbyggingar í gamla bænum“* þar sem *„eru áhugaverðir möguleikar á þjónustu við ferðamenn í sambýli söguminja og nútíma atvinnuhátta.“* og að *„nýta land betur þannig að ný byggð leitist við að mynda samfellu við núverandi byggð og ekki myndist eyður milli hverfa“* og að *„móta bæjarrými í gamla bænum er þjóni sem samkomustaður í hjarta bæjarins.“* Engar menningarminjar né fornminjar eru á svæðinu svo vitað sé að frátöldu Tang & Riis við Aðalgötu 1 sem mun standa og verður í hávegum haft sem nokkurskonar andlits svæðisins en núverandi verksmiðjubyggingar verða rifnar frá því svo að bygging Tang & Riis njóti sín á ný og má það teljast jákvætt fyrir bygginguna og svæðið í heild.
Byggðarmynstur		5	5	Breytingin mun hafa áhrif á byggðarmynstur svæðisins þar sem gert er ráð fyrir að rísa muni hótel, verslun og þjónusta ásamt íbúðabyggð í stað eldri bygginga og með því aukið byggingarmagn. Ætla má að áhrif á ásýnd svæðisins sé neikvæð þegar litið er til aukins byggingarmagns en hlutlaus eða jákvæð þegar litið er til þess að gamlar úr sér gengnar verksmiðjubyggingar víki og í stað þeirra komi nýbggingar sem falla betur að eldri byggð og notkun svæðisins og fylgja stefnu aðalskipulags er varðar útfærslur nýbygginga í gamla bænum, að *„gera ásýnd bæjarins fallegri og heillegri og sækja viðmið í gamla bæjarkjarnann við höfnina“* og áhersla lögð á að *„hönnuðir nýrra húsa í gamla bænum leitist við að hanna hús sem hafa vísun í íslenska byggingararfleifð bæði hvað varðar efnisval og lausnir“.* Haft skal að leiðarljósi að huga að varðveislugildi svipmóts gamla miðbæjarins „Plássins“ við mótun tillögunnar með því endurspegla einkenni eldri húsa/húsaþyrpinga sem þar eru eða voru með því að líkja eftir grunnfleti, hæð, formi og hlutföllum, uppbroti og hrynjanda byggðarinnar, gluggasetningum, efnisnotkun o.fl.
Útivist og aðgengi		5	5	Aðgengi fyrir almenning íkringum, ígegnum og við byggingar verður aukið verulega.
Fráveita		5	5	Bretri nýting á veitukerfum.

SKIPULAGSFERLIÐ, KYNNING OG SAMRÁÐ

Umsagnaraðilar: Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Vegagerðin, Minjastofnun, Nátturverndarstofnun, Míla, Rarik, Landsnet, Ferðamálastofa, Brunavarnir Stykkishólms og nágrennis.

Skipulagslýsing vegna breytingar á Aðalskipulags Stykkishólms 2002-2023 og nýs deiliskipulags fyrir Agustsonreit var samþykkt til kynningar í bæjarstjórn 25. janúar 2024. Skipulagslýsingin var auglýst 31. janúar 2024 með athugasemdafresti til 28. febrúar 2024 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. með vísun í 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Opið hús var haldið í Amtbókasafni Stykkishólms 6. febrúar 2024. Athugasemdir sem bárust við skipulagslýsinguna hafa verið hafðar til hliðsjónar við áframhaldandi vinnslu tillögunnar.

Vinnslutillögur deiliskipulags og breytingar á aðalskipulagi voru samþykktar til kynningar í bæjarráði 14.08.2024. Vinnslutillögurnar eru auglýstar 7.2.2025 með athugasemdafresti til 7.3.2025 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Opið hús verður haldið í ráðhúsi Stykkishólms 26.2.2025.

NIÐURSTAÐA

Tillaga að breyttu aðalskipulagi fyrir svæðið fellur vel að öllum meginmarkmiðum Svæðisskipulags Snæfellsness 2014-2026 og Aðalskipulags Stykkishólms 2002-2022 en þær stefnur eru hafðar að leiðarljósi við skipualag og þróun Agustsonreitar.

Með ofangreindum markmiðum er talið að uppbyggingin styrki gamla miðbæinn, fjölgi störfum, gæði gamla bæinn frekara lífi, auki þjónustu við bæjarbúa og ferðamenn , betrumbæti aðgengi að höfninni og ferjunni Baldri, bjóði upp á spennandi og góðan valkost í hótelgistingu og verslun og þjónustu, bjóði upp á nýjan og spennandi valkost íbúðahúsnæðis á besta stað í gamla miðbænum og hafi því alla burði til að hafa jákvæð áhrif á landnotkun, efnahag og atvinnulíf.

SKIPULAGSSKILMÁLAR

Í gildandi aðalskipulagi er stór hluti Austurgötu 1 og 2 skilgreindur sem athafnasvæði en lítill hluti, næst Súgandiseyjargötu, sem hafnarsvæði. Aðalgata 1 er skilgreind sem verslun- og þjónustusvæði að stærstum hluta en vestasti hluti hennar er skilgreindur sem miðsvæði.

Með skipulagsbreytingunni verður landnotkun á svæðinu breytt í íbúða-, verslunar- og þjónustusvæði.

Ekki er til deiliskipulag sem tekur til Aðalgötu 1 og Austurgötu 1 en Austurgata 2 er innan deiliskipulagsins „Miðbær austan Aðalgötu“ og verður skipulagsmörkum þess deiliskipulagsins breytt samhliða nýju deiliskipulagi þannig að Austurgata 2 falli innan hins nýja deiliskipulags.

Aðalskipulagsbreyting þessi og nýtt deiliskipulag fyrir svæðið verða auglýstar samhliða.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann 11.12.2025

[signature] BÆJARSTJÓRINN STYKKISHÓLMI

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 20.03.26

[signature] Húsnæðis- og mannvirkja- og skipulagsstofnun

Augstsonreitur
Stykkishólmur

Teikning:
Aðalskipulagsbreyting Stykkishólms 2002 - 2022

Mælikvarði:

Dags. 10/9/2024

Laugavegur 13
101 Reykjavík
Davíð Kristján Pitt arkitekt 101069 5259
Halldór Lárusson
dkpitt@simnet.is 896 2490